

Reglugerð fyrir heiðursmerki SKÍ

Heiðursmerki SKÍ eru 3 talsins.

1. Silfurmerki SKÍ

Merki þetta er merki SKÍ úr silfri og má veita þeim sem hafa starfað að málefnum skíðaíþróttarinnar hjá SKÍ, sérráðum og skíðadeildum aðildarfélaga í 15 ár. Þó getur stjórn SKÍ sæmt menn silfurmerki ef sérstök ástæða þykir án þess að 15 ára starfi sé náð. Einnig er hægt að sæma menn silfurmerki eftir langan feril sem landsliðsmaður og/eða landsliðsþjálfari.

2. Gullmerki SKÍ

Merki þetta er merki SKÍ úr gulli og má veita þeim sem hafa starfað að málefnum skíðaíþróttarinnar hjá SKÍ, sérráðum og skíðadeildum aðildarfélaga í 20 ár. Þó getur stjórn SKÍ sæmt menn gullmerki ef sérstök ástæða þykir án þess að 20 ára starfi sé náð.

3. Heiðursstjarna SKÍ

Merki þetta er merki SKÍ á stjörnu í litum sambandsins með borða í íslensku fánalitunum. Heiðursstjarna SKÍ er æðsta viðurkenning SKÍ og veitist aðeins undir sérstökum kringumstæðum þeim mönnum sem unnið hafa skíðaíþróttinni ómetanlegt gagn um árabil. Heiðursstjörnu skal einnig fylgja sérstakt heiðursskjal.

Laga og reglugerðanefnd tekur við tillögum frá aðildarfélögum SKÍ og gerir tillögur til stjórnar SKÍ um veitingu heiðursmerkja.

Laga og reglugerðarnefnd skal halda skrá um handhafa heiðursmerkja.

Samþykkt á Skíðaþingi, maí 2005